

Safnaðarbréf

á lönguföstu 2008



Hvernig á ný kirkja að vera?

Í nóvember á nýliðnu ári var efnt til Þýskalandsferðar á vegum Kjalarnesprófastsdæmis. Tilgangurinn var að skoða nokkrar nýbyggðar kirkjur og nýendurgerð kirkjuhús og kynna sér að hverju er helst hugað þegar slík hús eru hönnuð nú til dags.

Með hliðsjón af því að nú dregur að undirbúningi nýrrar kirkju í Lágafellssókn voru fulltrúar sóknarinnar með í þessari ferð. Auk kirkjunnar fólks tóku nokkrir sveitarstjórnarmenn þátt í ferðinni, enda verður nú æ algengara að sveitarfélög viðkomandi staða komi að gerð kirkjubygginga sem í sívaxandi mæli gegna fjölbættu hlutverki menningarhúss í viðkomandi sveitarfélagi.

Hér er hluti hópsins í heimsókn í Péturskirkjunni í Heidelberg.

Nánar á bls. 4-5

132 ungmenni fermast

A vori komanda munu 132 ungmenni staðfesta skírnarsáttmála sinn í Mosfellsprestakalli er þau ganga til fermingar í tíu athöfnum í kirkjum sóknarinnar, nú að Lágafelli en einni að Mosfelli.

Í þessu safnaðarbréfi er að finna nöfn fermingarbarnanna og heimilisföng.

Nánar á bls. 2-3

Aðal safnaðarfundur

Lágafellssóknar

verður haldinn

15. maí 2008

í safnaðarheimilinu Þverholti 3 og hefst

kl. 20.00

venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd

Fermingar í Lágafellssókn

Lágafellskirkja

09.03.2008 kl. 10:30

Andri Þór Goethe,
 Arnartanga 58
 Anna María Kristjánsdóttir,
 Blikahöfða 6
 Bára Jórunn Sigurjónsdóttir,
 Björtuhlíð 7
 Bryndís Gunnarsdóttir,
 Hrafnshöfða 2
 Brynja Ragnarsdóttir,
 Tröllateigi 18
 Eva Björg Guðlaugsdóttir,
 Arnartanga 29
 Gísli Ólafsson,
 Leirutanga 23
 Karl Alex Árnason,
 Hagalandi 2
 Kristján Vídalín Kristjánsson,
 Leirutanga 41b
 Lilja Þorvarðardóttir,
 Klappahlíð 24
 Málfríður Jökulsdóttir,
 Víðiteig 4e
 Sara Geirsdóttir,
 Þrastarhöfða 9
 Sesselja Líf Valgeirsdóttir,
 Klapparhlíð 11
 Sindri Már Eiríksson,
 Furubyggð 26
 Sindri Svavarsson,
 Hrafnshöfða 4
 Sunneva Mist Ingvarsdóttir,
 Blikahöfða 12

Lágafellskirkja

09.03.2008 kl. 13:30

Alfreð Sindri Andrason,
 Spóahöfða 5
 Andrea Ósk Þorkeldsdóttir,
 Hulduhlíð 12
 Ásrún Dóra Sigurðardóttir,
 Brekkutanga 5
 Bjarki Snær Jónsson,
 Skeljatanga 7
 Dagrún Björk Sigurðardóttir,
 Brekkutanga 5

Daníel Veigar Jónsson,
 Aðalgötu 37
 Guðný Lena Jónsdóttir,
 Stórakrika 45
 Heiðrún Sunna Sigurðardóttir,
 Brekkutanga 5
 Hilmar Daði Karvelsson,
 Svöluhöfða 23
 Ingimar Örn Oddsson,
 Lindarbyggð 26
 Jón Þór Ragnarsson,
 Bröttuhlíð 7
 Kristófer Róbertsson,
 Hulduhlíð 28
 Magnús Bjartur Ólafsson,
 Tröllateigi 39
 Róbert Ingi Sigurðsson,
 Brekkutanga 5
 Stefanía Kolbrún Ásbjörnsdóttir,
 Brekkutanga 12
 Tómas Þorgeir Hafsteinsson,
 Brekkutanga 28
 Valgeir Steinn Runólfsson,
 Bollatanga 20
 Vigdís Björk Auðunsdóttir,
 Leirutanga 30

Lágafellskirkja

16.03.2008 kl. 10:30

Anton Ari Einarsson,
 Bugðutanga 13
 Árni Rúnar Örvarsson,
 Tröllateigi 28
 Daníel Arnar Tómasson,
 Miðholti 7
 Dóróthea Jóhannesdóttir,
 Furubyggð 36
 Geir Ulrich Skaftason,
 Spóahöfða 15
 Hafþór Skarphéðinn Sölvason,
 Skeljatanga 41
 Halla Margrét Hinriksdóttir,
 Grenibygð 10
 Hans Pétur Blomsterberg,
 Klapparhlíð 22
 Ingólfur Örn Sigurbjörnsson,
 Klapparhlíð 24

Kamilla Guðjónsdóttir,
 Skeljatanga 5
 Kristinn Baldursson,
 Brekkutanga 13
 Margrét Sæunn Axelsdóttir,
 Leirvogstungu 5
 Páll Helgi Guðlaugsson,
 Krókabyggð 3a
 Stefán Orri Ragnarsson,
 Hamratanga 16
 Unnar Arnarsson,
 Hrafnshöfða 6
 Úlfur Þór Andrason,
 Noregi

Lágafellskirkja

16.03.2008 kl. 13:30

Anna Rakel Pétursdóttir,
 Lækjartúni 13
 Arna Kristín Sigurðardóttir,
 Hjallahlíð 4
 Árni René Calvi,
 Svöluhöfða 16
 Elínborg Rós Sigurðardóttir,
 Fellsási 1
 Emil Sævarsson,
 Klapparhlíð 18
 Fanney Aliisa Glan,
 Miðholti 11
 Guðmundur Ari Ólafsson,
 Birkiteigi 1
 Gunnar Andri Pétursson,
 Byggðarholti 17
 Hugrún Þorsteinsdóttir,
 Reykjabyggð 19
 Ingibjörg Sól Ingólfssdóttir,
 Björtuhlíð 23
 Jakob Axel Axelsson,
 Tröllateigi 41
 Jenný Ósk Tómasdóttir,
 Hamratanga 10
 María Björk Helgadóttir,
 Reykjabyggð 10
 Rebekka Rún Gunnlaugsdóttir,
 Tröllateigi 1
 Rósa Borg Guðmundsdóttir,
 Skeljatanga 4
 Snorri Davíðsson,
 Reykjavegi 88
 Sóllilja Guðmundsdóttir,
 Brekkutanga 15

vorið 2008

Lágafellskirkja

20.03.2008 kl. 10:30

Árni Valur Þorsteinsson,
Klapparhlíð 10
Bjartur Birkisson,
Tröllateigi 49
Bragi Þór Rúnarsson,
Tröllateigi 21
Elvar Ásgeirsson,
Ásholti 5
Felix Þór Dagbjartarson,
Tröllateigi 51
Guðmundur Árni Þór Guðmundsson,
Reykjamel 2
Hinrik Ragnar Helgason,
Steinahlíð
Hjördís Nína Egilsdóttir,
Akurholti 16
Margrét Rósa Dóruð. Harrysdóttir,
Björtuhlíð 19
Sif Gunnarsdóttir,
Blikahöfða 5
Stefán Pálmarsson,
Hamarsteigi 9

Lágafellskirkja

20.03.2008 kl. 13:30

Aðalsteina Líf Kjartansdóttir,
Miðholti 7
Ari Páll Olsen,
Klapparhlíð 6
Auður Eiríksdóttir,
Spóahöfða 16
Birgitta Sunna Bragadóttir,
Arnartanga 52
Eydís Klara Bjarkadóttir,
Barrholti 41
Frímánn Haukur Guðmundsson,
Byggðarholti 21
Guðrún Nanna Egilsdóttir,
Skeljatanga 26
Harpa Kristín Björnsdóttir,
Tröllateigi 19
Helen María Kjartansdóttir,
Danmörku
Helgi Ingvarsson,
Krókabyggð 14
Lára Kristín Pedersen,
Krókabyggð 13

Marinó Fannar Bjarnason,
Stórateigi 3
Salvör Ósk Einarsdóttir,
Dalatanga 14
Sigríður Ósk Indriðadóttir,
Gvendargeisla 116
Tanja Hrund Hlynisdóttir,
Reykjabyggð 18
Telma Huld Þorsteinsdóttir,
Lágholti 3

Lágafellskirkja

30.03.2008 kl. 10:30

Alfonso Andri Svavarsson,
Brekktunga 14
Birkir Grétarsson,
Spóahöfða 24
Bryndís Ósk Birgisdóttir,
Skeljatanga 30
Böðvar Páll Ásgeirsson,
Hrafshöfða 3
Gunnar Birgisson,
Litlakrika 6
Guðmundur Sævar Guðmundsson,
Prastarhöfða 3
Haraldur Jökull Brjánsson,
Svöluhöfða 21
Harpa Snorradóttir,
Reykjavegi 70
Snorri Magnús Elefsen,
Aðaltúni 22

Lágafellskirkja

30.03.2008 kl. 13:30

Berglind Rut Lúðvíksdóttir,
Brekktunga 32
Björn Þór Þorsteinsson,
Hrafshöfða 11
Karl Sigurvínsson,
Hamratanga 18
Natalie Kristín Hamzehpour,
Birkiteig 2
Steingrímur Kári Kristjánsson,
Tröllateigi 45

Lágafellskirkja

06.04.2008 kl. 10:30

Alma Líf Þorsteinsdóttir,
Tröllateigi 8
Arnar Þór Ómarsson,
Reykjamel 8
Ása Hrund Viðarsdóttir,
Arnartanga 51
Ásthildur Jóna Guðmundsdóttir,
Arnartanga 3
Baldur Jónas Gunnarsson,
Dvergholti 2
Einar Ágúst Guðmundsson,
Byggðarholti 55
Erla Rún Jónsdóttir,
Stórakrika 21
Finnbogi Rútur Finnbogason,
Arnarhöfða 8
Friðgeir Óli Guðnason,
Hlíðarási 4
Guðrún Lilja Guðmundsdóttir,
Skeljatanga 44
Gunnar Ágúst Stefánsson,
Svöluhöfða 4
Hafdís Rún Einarsdóttir,
Fálkahöfða 19
Halldór Gauti Kristjánsson,
Aðaltúni 10
Katrín Lena Þrastardóttir,
Helgalandi 4
Lilja Dís Kristjánsdóttir,
Prastarhöfða 35
Orri Eyþórsson,
Arnartanga 57
Rannveig Dögg Haraldsdóttir,
Skeljatanga 22
Sindri Snær Ólafsson,
Reykjabyggð 30
Védís Víglundsdóttir,
Lágholti 21
Þórdís Birna Hilmarsdóttir,
Klapparhlíð 14

Mosfellskirkja

06.04.2008 kl. 13:30

Aðalbjörg Ýr Thoroddsen,
Laugabóli 1
Daníel Freyr Árnason,
Hagalandi 11
Guðjón Leó Guðmundsson,
Hraðastaðavegi 11
Stefán Óli Long,
Reykjabyggð 28

Þar sem Lágafellssókn er um þessar mundir að hefja undirbúning að framkvæmdum við nýja kirkjubyggingu í miðbæ Mosfellsbæjar, gripu forsvarsmenn safnaðarins fegins hendi þegar tækifæri bauðst til að kynnast og ræða við hönnuði og forráðamenn sókna sem staðið hafa í gagngerum endurbótum og nýbyggingum kirkna í Þýskalandi á undanföllum mánuðum og árum.

Frumkvöðull og skipuleggjandi ferðarinnar var dr. Gunnar Kristjánsson, prófastur Kjalarnesprófastsdæmis. Ferðafélagar voru 28 talsins. Þar af frá Lágafellssókn: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir, Hreiðar Örn Zoega Stefánsson, Jónas Þórir, Kristján Sigurbjarnarson, Hilmar Sigurðsson og Haraldur Sverrisson. Sr. Jón Þorsteinsson og Sigríður Anna Þórðardóttir slógust í hópinn í Þýskalandi þar sem þau dvöldu á haustdögum í leyfi.

Á þessum þremur dögum heimsóttum við tólf kirkjur og söfnuði allt frá Frankfurt suður til Heidelberg. Flestar kirkjurnar sem skoðaðar voru tilheyrðu lúterskum söfnuðum en jafnframt voru skoðaðar tvær kirkjur í eigu kaþólskra safnaða og ein safnaðarmiðstöð Lútersk-kalvínsks safnaðar í Frankfurt am Main. Dagskráin var mjög stíf og töluverður akstur á milli staða.

Færa helgidóminn nær söfnuðinum

Eins og áður segir var ýmist um að ræða nýjar og mjög nýlegar byggingar og raunar á einum stað varla hafnar framkvæmdir, kirkjur sem verið var að breyta til nútímalegs horfs og notkunar, þar sem áhersla var lögð á að færa kirkjuna til nútímans með því að opna hana betur og gera notkun sjálfs kirkjuhússins víðtækari. Áhersla var lögð á að skapa heilagt rými þar sem maðurinn upplifði „að hér á ég heima“ – „hér á ég skjól“. Þetta var gert með það að megin markmiði að raska ekki helgidómi kirkjunnar heldur færa hann nær söfnuðinum.

Undantekningarlaust var vinnutilhögun sú að kalla til arkitekta og aðra þá sérfræðinga er málið varðaði. Þeir höfðu í höndunum markmiðssetningu og þarfagreiningu frá safnaðarstjórn. Allt starfið bar þess merki að hver áfangi var unnin í fullu samráði við safnaðarstjórnina og þannig var reynt að tryggja að allir væru vel inni í málum, svo sátt mætti nást um niðurstöðuna. Lýðræðisleg vinnubrögð og gegnsæi voru í fyrirrúmi.

Dregnir fram áhersluþættir

Skipuleggjandi í þessari ferð auk dr. Gunnars Kristjánssonar og Önnu Höskuldsdóttur var Dr. Matthias Ludwig, einn færasti sérfræðingur Þjóðverja í þessum efnunum. Hann var með okkur allan tímann og leiddi umræður við arkitekta, presta og safnaðarfulltrúa þeirra kirkna sem heimsóttar voru.

Dr. Ludwig er einstaklega notalegur og ljúfur maður. Það er okkar skoðun að hann gæti reynt okkur mikil hjálparhella í úrlausn vandamála, sem upp kunna að koma í framkvæmdum hér heima.

Í grein þessari er of langt mál að rifja upp og lýsa hinum einstöku byggingum og þeim áhrifum sem

þær höfðu á okkur og því látið duga að telja upp og nafngreina þær og draga fram nokkra áhersluþætti.

Á fyrsta. degi ferðarinnar voru eftirtaldir kirkjur skoðaðar:

St. Jakobskirche Frankfurt í Main-Bockenheim. Þetta er nýtt safnaðarhús og breytt kirkja frá 2003–2005.

Safnaðarmiðstöð Lútersk-kalvínska safnaðarins í Frankfurt am Main, nýbygging/breyting á kirkju og safnaðarheimili 2002–05.

Lutherkirche í Frankfurt am Main – Nordend, nýbygging safnaðarmiðstöð 2002–04.

Á öðrum degi: „Jesús Kristus – góði hirðirinn“, Frankfurt am Main – Nieder-Erlenbach, ný kirkja byggð 1996–2000.

Kaþólsk safnaðarmiðstöð í Friedrichsdorf-Seulberg sem byggð var 1988–1993.

Atobanakirkjan í Medenbach, ný kirkja byggð 2001.

Kapella í Bad Schwalbach – Langenseifen. Kirkjan er enn óbyggð en búíð að helga henni reit.



Að ofan: St. Jakobskirche í Frankfurt am Main Bockenheim. Að neðan: hópurinn staddur á loð fyrirhugaðrar kirkju óbyggð en loðin hefur verið helguð henni. Jarðfasafræðingur sem altari tilvonandi kirkju sem byggð var

Kirkjuskoðunarferð til Þýskalands: Áherslan á víðtækari

Lútersk kirkja í Hoheim við Main. Breyting frá 1997.

Á þriðja degi: Upprisukirkjan í Speyer-Neuland, byggð 2001–02.

St. Judas Thaddaus Karlsruhe-Neuland, byggð 1988–89.

Lúterskt safnaðarheimili í Rauenberg,

15. til 18. nóvember s.l. var farið til Þýskalands til prófastsdæmis undir fararstjórn dr. Önnu Höskuldsdóttur.

Öllum sóknum í prófastsdæminu gættu þess.

Þar sem bygging nýrrar kirkju í Lángvogi er í gængu, hér kjörið tækifæri til að skoða hvað slíkt tækifæri. Hér segja Hilmar Sigurðsson og sr. Ragnheiður Jónsdóttir frá því sem



Heidelberg. Nýtt safnaðarhús nýbreytt kirkja.
Kirkja í Bad Schwalbach Langenseifen. Kirkjan er enn
stuttur drangurinn stendur 130 sm upp úr jörðinni og er
ferður utan um hann. – Myndir: Sigurjón Pétursson

gamalli slökkvistöð breytt í kirkju.

Péturskirkjan í Heidelberg, breytingar frá 2005.

Hönnuðir og söfnuðir þeirra kirkna sem skoðaðar voru virtust allir hafa það að leiðarljósi að gera sjálfa kirkjuna sýnilegri, bæði gestum og gangandi og um leið að færa hana í nútímalegra horf og auka notagildi hennar. Þetta var gert m.a. með því að fordyri og millidyr voru gjarnan úr gleri, sem gerði kleift að sjá inn í kirkjurýmið utanfrá og öfugt og skapaði þar með tengsl og flæði á milli hins veraldlega og heilaga rýmis.

Gamlir kirkjubekkir voru aflagðir en þess í stað settir inn stakir stólar sem hægt var að raða upp með ýmsum hætti eftir því sem aðstæður buðu uppá í það og það skiptið. Þessar breytingar áttu samhljóm jafnt í hinum smærri kirkjum sem sjálfri Péturskirkjunni í Heidelberg.

Allar nýju byggingarnar áttu það sameiginlegt að hafa gott

fyrir nýrri og nútímalegri. Í gömlu kirkjunum, svo dæmi sé tekið, var altarið fært frammar í kór og í öðru tilfelli niður í kirkjuskipið. Allt gert til að undirstrika nálægðina við söfnuðinn. Í sumum tilvikum var hægt að færa bæði altari, skírnarfont og prédikunarstól ef menn vildu svo við hafa, til þess að geta á auðveldari hátt fært inn í kirkjuna hljómlist og hljóðfæraleik og jafnvel borðhald, listdans – og myndlistarsýningar. Í öðrum tilvikum var altarið stór tilhöggvinn granítsteinn, basalt hraunsúla eða steinsteypublokk sem stóð bjargfast og minnti öllum stundum á nærveru Guðs og hið heilaga rými.

Ekki stakt hús úti á hól

Í lokaorðum dr. Gunnars á myndakvöldinu í Víðistadakirkju 9. jan s.l. kom hann inn á nauðsyn þess að líta á kirkjubyggingar í dag sem nútímabyggingar með nútímamarkmið í huga. Við mættum ekki hugsa kirkjubyggingu eins og var hér fyrir tugum jafnvel hundruðum ára sem eitt stakt hús einhvers staðar uppi á hól með notagildi sem takmarkaðist við hinar kirkjulegu athafnir einvörðungu. Þetta virðist vera grunntónninn í þeim breytingum sem Þjóðverjar voru að gera bæði á gömlum og breyttum kirkjubyggingum og þeim nýju sem verið var að reisa. Taka má sem dæmi nýja kirkju „Jesús Kristus–góði hirðirinn“ sem er í Frankfurt am Nieder-Erlenbach. Kirkja þessi tilheyrir kaþólskum söfnuði. Í minnispunktum skrifaði undirritaður Hilmar: „Kirkja þessi er „minimalisminn“ uppmálaður byggð úr steypu, timbri og stáli, með það í huga að öllu viðhaldi væri stillt í hól, kirkja þessi er eins „ókaþólsk“ eins og frekast má vera. Þarna er einfaldleikinn hafður að leiðarljósi en þó gætt að öllu í formi kirkjuhússins, þar sem altarið er í miðju og söfnuðurinn situr í kring. Einfaldleiki kirkjunnar byggðist að meginmáli á því að söfnuðurinn hafði ekki nema ákveðna fjárhæð í byggingarsjóði og arkitektinum var falið að vinna með það í huga.“

Lýðræðisleg vinnubrögð og gagnsæi

Það er stórt og mikilvægt verkefni að byggja kirkju og það vekur margar spurningar sem söfnuðurinn þarf að skoða og ræða og taka ákvarðanir um. Það var gott að fá þetta tækifæri til þess að kynna hvernig aðrir utan okkar lands taka á þeim málum. Það var lærdómsríkt að fá þá staðfestingu og sjá útkomuna af því hverju lýðræðisleg vinnubrögð og gagnsæi í samskiptum skila. Þegar byggð er kirkja erum við að byggja hús sem á eftir að standa vonandi lengi – til þeirra verka þarf að sýna ábyrgð, vandvirkni og góða samvinnu.

Við viljum að lokum færa þeim prófastshjónum, dr. Gunnari Kristjánssyni og frú Önnu Höskuldadóttur og Kristínu Tómasdóttur héraðspresti fyrir ferð og fræðslu og ómetanlegt framlag þeirra til að gera þessa ferð að veruleika. Það er von okkar og trú að afrakstur hennar komi fram í úrlausn þess verkefnis sem við í Lágafellssókn eigum fyrir höndum þegar við nú hefjum undirbúning að nýrri kirkjubyggingu og safnaðarheimili.

notkun kirkjuhússins

til Þýskalands á vegum Kjalarnes-
Gunnars Kristjánssonar prófests og

afst kostur á að senda fulltrúa í ferð

gafellssókn stendur fyrir dyrum var
aðrar þjóðir leggja til grundvallar við
gurðsson formaður sóknarnefndar og
fyrir augu og eyru bar.

rými í anddyri þar sem nægjanlegt pláss var fyrir kirkjugesti að staldra við og koma saman bæði fyrir og eftir athafnir. Jafnframt virtist okkur að áherslan væri sú að breyta staðsetningu altaris og jafnvel skipta þeim gömlu út



Glatt á hjalla í sunnudagaskólanum

Í sunnudagaskólanum er alltaf fjör, mikið sungið og sögur sagðar. Þessar myndir tók Arndís G. Bernhardsdóttir Linn sunnudaginn 21. október.



Gættu að hvað þú gerir á Netinu! Það sjá það allir

Netið er stórkostlegur upplýsinga- og samskiptamiðill með óendanlega möguleika. Notum það ekki til að meiða og særa annað fólk og höfum ávallt í huga að allt sem við setjum á Netið endurspeglar hver við erum – og er öllum opið, alltaf.

Netorðin fimm

Netið er merkileg tæknijung og hefur opnað ómælisviddir fróðleiks og upplýsingaöflunar. Um leið hefur það reynst vandmeðfarið tæki og í sumum tilvikum orðið til ills og notendum sínum til vansæmdar.

Í framhaldi af því hefur verið settur upp listi varnað-arorða um notkun netsins, Netorðin 5. Á bak við þau standa samtökin SAFT, en SAFT stendur fyrir „Samfélag, fjölskylda og tækni“ og er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Action Plan, aðgerða-áætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af ESB. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli – landssamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins að öllu leyti fyrir Íslands hönd.

Netorðin fimm er að finna á heimasíðu SAFT, saft.is. Þau eiga erindi til allra aldursflokka, jafnt fullorðinna sem barna og unglinga. Þau eru á þessa leið:

1. Allt sem þú gerir á Netinu endurspeglar hver þú ert.
2. Komdu fram við aðra eins og þú vilt láta koma fram við þig.
3. Ekki taka þátt í neinu sem þú veist ekki hvað er.
4. Mundu að efni sem þú setur á Netið er öllum opið, alltaf.
5. Þú berð ábyrgð á því sem þú segir og gerir á Netinu.



Sr. Þórhildi þökkuð samfylgdin

Við aftansöng í Lágafellskirkju á gamlárskvöld kvaddi söfnuðurinn Þórhildi Ólafs prest, sem hafði þjónað hér í afleysingum frá 1. október. Þórhildur prédikaði á þessum síðasta degi ársins. Hún þakkaði fyrir samvinnu og kvaddi söfnuðinn um leið og hún horfði björtum augum fram á veg fyrir kirkjunnar hönd.

Söfnuður Lágafellssóknar þakkar Þórhildi fyrir gott og ljúft samstarf og þjónustu hennar í garð safnaðarins. Það var styrkur og sönn gleði að fá að njóta prestsþjónustu hennar hér. Við sendum henni og fjölskyldu hennar bestu óskir um farsæla og birturíka framtíð. Guð blessi vegi Þórhildar um ókomna tíð og tíma.

Fyrir hönd safnaðar

Prestar, starfsfólk og sóknamefnd Lágafellssóknar.

Þórdís djákni lætur af störfum

Þórdís Ásgeirsdóttir hefur starfað í Mosfellsprestakalli frá árinu 1997 og hafði þá umsjón með barnastarfi. Hún var vígð til djáknaþjónustu í Lágafellssókn 23. janúar árið 2000 og hefur starfað sem slík þar til um síðustu áramót.

Auk hinna hefðbundnu starfsskyldna djákna hefur Þórdís á þessum árum sinnt margvíslegri þjónustu, stýrt starfi foreldra- morgna, séð um sunnudagaskólann og starf með 7 til 10 ára börnum og hún kom á fót „Kirkjukrakkahópnum“ í grunnskólum bæjarins. Hún hefur haft umsjón með heimsóknarþjónustu sjálfbodaliða auk þess að sinna slíku sjálf og leitt bænastundir í Lágafellskirkju.

Hún hefur lagt lið sitt við fermingarfræðslu og komið að helgihaldi með altarisþjónustu og hugvekjuflutningi. Þórdís hefur starfað sem kennari um langt árabíl og hún á hugmyndina að „Vinaleið“ sem er kærleiksþjónusta við grunnskólabörn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda fyrir einhverra hluta sakir.

Öll sín störf hefur Þórdís rækt af alúð, vandvirkni og fagmennsku.

Þjónusta hennar og framganga vitnar um einlæga trú sem starfar í kærleika.

Persónulegar ástæður eru fyrir því að Þórdís hefur óskað eftir því að láta af störfum sem djákni sóknarinnar. Áfram mun hún starfa í Varmárskóla og hún leiðir bænastundirnar í Lágafellskirkju kl. 19.30 á mánudagskvöldum.

Sóknarnefnd, prestar og annað starfsfólk Lágafellssóknar þakka Þórdísi Ásgeirsdóttur góð og giftudrjúg störf og biðja henni og fjölskyldu hennar blessunar Guðs.

Við starfi Þórdísar í heimsóknarþjónustunni tekur Fjóla Haraldsdóttir djákni. Fjóla er búsett hér í Mosfellsbæ og sinnir störfum djákna í Lágafellsskóla og í Víðinesí.

Sími Fjólu er 861 3565. Netfangið: fjolaha@visir.is



Safnaðarheimilið er í Þverholti 3. Símar: 566 7113 og 566 8028

Skrifstofa sr. Jóns Þorsteinssonar er í safnaðarheimilinu á 3. hæð Símaniðtaltími hans er þriðjudaga til föstudaga kl. 11–12. Símanúmer: sjá ofan.

Fax: 566 7223 Heimasími: 566 7107, farsími 896 2407. Netfang: srjont@ismennt.is

Skrifstofa sr. Ragnheiðar Jónsdóttur er á annarri hæð. Símaniðtaltími hennar er mánudaga til fimmtudaga kl 12-13. Símanúmer: sjá ofan.

Fax: 566 6624, farsími: 869 9882
Netfang: ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is

Jónas Þórir organisti hefur viðtaltíma í safnaðarheimilinu á fimmtudögum kl. 10-12. Heimasími: 566

8876. Farsími: 892 9671. Netfang: jonasthorir@simnet.is

Skrifstofa Hreiðars Arnar Zoëga Stefánssonar framkvæmdastjóra er á annarri hæð: Símanúmer: sjá ofan. Farsími: 896 8936. Netfang: hreidar@kirkjan.is

Húsmóðir í safnaðarheimili er Sigríður Pétursdóttir. Símanúmer: sjá ofan.

Hilmar Sigurðsson er formaður sóknarnefndar. Símanúmer: 566 6701.

Á heimasíðu Lágafellssóknar, www.lagafellskirkja.is, má sjá ýmislegt um dagskrá og starfsemi sóknarinnar.

Helgiöld í Lágafellssókn mars til ágúst 2008

2. mars 4. sd. í föstu

Lágafell

Æskulýðsdagur þjóðkirkjunnar.
Leikbrúðuland, Helga Steffen-
sen og félagar: *Vináttan*
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13.00
Sr. Jón Þorsteinsson

9. mars 5. sd. í föstu

Lágafell

Fermingarguðsþjónustur
kl. 10.30 og 13.30
Báðir prestarnir

16. mars Pálmásunnudagur

Lágafell

Fermingarguðsþjónustur
kl. 10.30 og 13.30
Báðir prestarnir

20. mars skírdagur

Lágafell

Fermingarguðsþjónustur
kl. 10.30 og 13.30
Báðir prestarnir

21. mars – Föstudagurinn langi

Víðines

Guðsþjónusta kl. 11.00

Mosfell

Guðsþjónusta kl. 14.00

Sr. Jón Þorsteinsson

23. mars Páskadagur

Lágafell

Hátíðarguðsþjónusta kl. 08.00

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Söngur:

Margrét Árnadóttir, Ívar Helgason

30. mars 1. sd. e. páska

Lágafell

Fermingarguðsþjónustur

kl. 10.30 og 13.30

Báðir prestarnir

6. apríl 2. sd. e. páska

Lágafell

Fermingarguðsþjónusta

kl. 10.30

Mosfell

Fermingarguðsþjónusta kl. 13.30

Báðir prestarnir

13. apríl 3. sd. e. páska

Messufall – frídagur starfsfólks

20. apríl 4. sd. e. páska

Lágafell

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13.00

Lokastund barnastarfsins.

Sr. Jón Þorsteinsson

27. apríl 5. sd. e. páska

Mosfell

Guðsþjónusta kl. 11.00

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

4. maí 6. sd. e. páska

Lágafell

Guðsþjónusta kl. 11.00

Sr. Jón Þorsteinsson

11. maí 4. sd. e. páska –

Hvítasunnudagur

Lágafell

Hátíðarguðsþjónusta kl. 11.00

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

18. maí Þrenningarhátíð

Guðsþjónusta

í **Hofsóskirkju** kl. 14.00

Vorferð Kirkjukórs

Lágafellssóknar, organista og

presta.

25. maí 1. sd. e. þrenningarhátíð

Mosfell

Guðsþjónusta kl. 14.00

Hópreið hestamanna til kirkju

Karлакórinn Stefñir leiðir söng

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

1. júní 2. sd. e. trin

Lágafell

Guðsþjónusta kl. 11.00

Sjómannaðagurinn

Sr. Jón Þorsteinsson

8. júní 3. sd. e. trin

Lágafell

Guðsþjónusta kl. 11.00

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

17. júní Þjóðhátíðardagur

Lágafell

Hátíðarguðsþjónusta í

Lágafellskirkju kl. 11.00

Sr. Jón Þorsteinsson

22. júní 5. sd. e. trin –

Jónsmessa

Lágafell kl. 20.00

Söngstund á sumarkvöldi

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

29. júní 6. sd. e. trin

Mosfell

Guðsþjónusta kl. 11.00

Sr. Jón Þorsteinsson

6. júlí 7. sd. e. trin

Lágafell

Guðsþjónusta í gönguferð

frá Lágafellskirkju.

Nánar auglýst síðar.

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

13. júlí 8. sd. e. trin

Lágafell kl. 20.00

Söngstund á sumarkvöldi.

Sr. Jón Þorsteinsson

20. júlí 9. sd. e. trin

Lágafell

Messa kl. 11.00

Ferming

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

24. ágúst 14. sd. e. trin

Lágafell

Guðsþjónusta kl. 11.00

Sr. Jón Þorsteinsson

31. ágúst 15. sd. e. trin

Mosfell

Guðsþjónusta kl. 11.00

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir